



Alþingi  
Erindi nr. P 125/522  
komudagur 14.12.199

Þórshamri, 13. desember 1999.

Iðnaðarnefnd,  
Hjálmar Árnason, formaður.

Menntamálanefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum, 22. mál, í samræmi við bréf iðnaðarnefndar frá 30. nóvember sl.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Þórunni Hafstein og Ólaf Grétar Kristjánsson frá menntamálaráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingiberg Eliasson frá Félagi framhaldsskólakennara, Þórunni Daðadóttur og Katrínu Maríu Káradóttur frá Iðnnemasambandi Íslands og Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins.

Fram kom í máli gesta að sátt ríkir um frumvarpið. Í ljósi þessa leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

F.h. formanns menntamálanefndar,

Helga Erla Þórisdóttir  
nefndarritari

MENNTAMÁLANEFND